Akstursíþróttasamband Íslands

# Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts 7. júlí 2020 kl. 18:00

**Mætt:**
Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Fylkir Jónsson (FJ), Ragnar Róbertsson (RR), Árni Gunnlaugsson (ÁG)

**Fjarverandi:**
Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS), Sigurbergur Eiríksson (SE), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Aron Steinn Guðmundsson (ASG)

ÞA ritaði fundargerð.

---

1. **Breyting á reglugerð um akstursíþróttir**
   Aldursmörk í akstursíþróttum rædd og ákveðið að gefa út lista fyrir Ísland þegar búið er að afla frumgagna.
   Skoða þarf betur hugmynd um að leyfa 15 ára ökumönnum í rally að keyra á sérleiðum. AKÍS fái upplýsingar um aldursmörk frá nágrannalöndum okkar.

2. **Reglugerð AKÍS um keppnishald**
   Stjórn hittist á sérstökum vinnufundi þriðjudaginn 14. júlí kl. 20:00 þar sem farið verður yfir drögin.

3. **Skipun í öryggisnefnd**
   Páll Pálsson hefur sagt sig úr nefndinni og skipa þarf nýjan aðila í hans stað. Samþykkt að auglýsa eftir aðila.

4. **Önnur mál**
   **Dómnefndir** - Grein 11.4.1 í Reglubókinni kveður á um skyldu AKÍS til að skipa að minnsta kosti einn dómnefndarmann. Stefnan er að sami formaður gegni hlutverkinu í öllum keppnum hverrar greinar.
   **Covid19** - Góð framkvæmd á Egilsstöðum með tveimur hólfum fyrir áhorfendur auk sérstaks hólfs fyrir keppendur og starfsmenn. Mikilvægt er að keppnishaldarar fari eftir tilmælum yfirvalda.

5. **Næsti fundur**
   Hangouts 21. júlí 2020 kl. 18:00.

6. **Fundi slitið 18:50**